

AUGLÝSING

um umferð í Hrísey.

Að fengnum tillögum hreppsnefndar Hríseyjarhrepps og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 hefur verið ákveðið, að eftirtaldar götur verði aðalbrautir:

1. Norðurvegur norður fyrir gatnamót Sólvallagötu.
2. Austurvegur austur að Hafnarvík.

Ákvæði auglýsingar þessarrar taka gildi þegar í stað.

Sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu, 27. júlí 1984.

Eliás I. Eliasson.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 og að fenginni tillögu borgarráðs hefir verið ákveðið að stöðvunarskylda verði á Stekkjarbakka gagnvart umferð um Álfbakka frá og með 15. ágúst n.k.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 3. ágúst 1984.

Sigurjón Sigurðsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Þorlákshafnar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 31. júlí 1984 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Þorlákshafnar.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Ölfushrepps og Skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 1. ágúst 1984.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Jón Sigurpálsson.